

Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn mánudaginn 2. desember 2013 kl. 16.30 að Glerárgötu 26

Fundinn sátu: Þröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Magnús Gauti Gautason, Margrét Ólafsdóttir, Ármann Ketilsson, Hörður Sigurharðarson Áslaug Kristjánsdóttir og Þóra Leifsdóttir.



1. Hestamannafélagið Léttir - Samningur við Akureyrarbæ

Á fundinn komu fulltrúar frá Létti þau Andrea Margrét Þorvaldsdóttir formaður, Sigfús Helgason og Hjalti Halldórsson. Saga samninga félagsins við Akureyrarbæ var reifuð og fram kom að þær viðræður eru að sigla í strand. Ljóst er að styrkuppþæðin sem í boði er dugar ekki til reksturs hússins og eigin sjóðir félagsins eru tæmdir. Meðal þess sem kom fram í máli Léttismanna er að félagið er skuldlaust með eignir og góðan rekstur. Félagið veitir ekki einungis þjónustu við félagsmenn heldur við bæjarbúa og eru að auki hagsmunasamtök fyrir aðra en félagsmenn. Ekki er gert ráð fyrir rekstri skrifstofu í áætlunum og kröfur um endurskoðun reikninga skapa kostnað allt að hálfri milljón króna. Einnig var sett spurningamerki við aukna fjárveitingu til Íþróttafélagsins Þórs meðan skorið væri niður við önnur félög.

Stjórn ÍBA var sammála um að ÍBA gæti ekki haft aðra aðkomu að málinu en að veita Létti stuðning í samningaviðræðunum. Samþykkt var að ÍBA sendi bréf til ÍRA með beiðni um að málið verði tekið fyrir á næsta fundi ÍRA og að fulltrúar frá ÍBA og Létti ættu sæti á þeim fundi.

Gestunum var þökkuð koman og þeir yfirgáfu fundinn.

2. Fundargerðir

Fundargerðir síðustu funda voru samþykktar og undirritaðar.

3. Formannafundur ÍBA

Ákveðið var að breyta dagsetningu formannafundar vegna heimaleikjar í handbolta. Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 12. desember kl. 18.00. Dagskráin var rædd.

4. Húsaleigustyrkir

Samþykkt var að greiða KFA og Keiludeild Þórs húsaleigustyrk frá 1. okt. KFA fái greitt gegn greiðslukvittun og iðkendaskýrslu, styrkur Keiludeildar verði greiddur beint til Þórs gegn iðkendaskýrslu.

5. Húsnæði fyrir bardagaíþróttir

1.900 fermetra hús hefur verið skoðað sem möguleiki fyrir félögin sem stunda bardagaíþróttir og eru aðilar jákvæðir fyrir samnýtingu þess. Samþykkt var að undirbúa erindi til íþróttaráðs með kynningu á málinu. Ákveðið var að Þröstur og Ármann vinni málið áfram og stefni að klára fyrir 21. desember.

Leigusaliinn Þrekhöllin óskar eftir að leigusamningi vegna húsnæðis sem Draupnir er í ljúki 31. maí. Nauðsynlegt er að gera ráðstafanir vegna Draupnis strax. Ákveðið var að senda tilkynningu til Draupnis og erindi um málið til ÍRA.

6. Önnur mál

Samþykkt hefur verið að athöfnin um Íþróttamaður Akureyrar verði haldin í Hofi miðvikudaginn 22. janúar kl. 19.30. ÍRA hefur tekið að sér að borga leiguna. Margrét ritari tók að sér formennsku í undirbúningsnefnd. Ákveðið var að auglýsa og lokaskil á tilnefningum yrði fyrir 10. janúar.

Fyrirspurn barst frá KFA varðandi húsaleigu og einnig boð á Uppskeruhátíð í Sunnuhlíð 12
14. desember kl. 14.30.

Rætt var um Málþing ÍBA. Erindin voru mjög fróðleg og góð en aðsóknin var afleit.

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ – Umræðu frestað til næsta fundar.

Ákveðið var að senda beiðni til framkvæmdastjóra Þórs og KA um að skila skýrslu um nýtingu tíma í
Boganum.

Fundi slitið kl. 18.55